

Reglugerð

um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósahrepps við Vesturlandssvæði á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1. gr.

Kjósarsvæði, sbr. 10. tölulið 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunvarnir, er skipt upp og sameinað öðrum eftirlitssvæðum sem hér segir:

- a. Kjósarhreppur sameinast Vesturlandssvæði, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 45. gr. laganna, og
- b. Seltjarnarnesbær og Mosfellsbær sameinast Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði, sbr. 9. tölulið 2. mgr. 45. gr. laganna.

Sameiningu, sbr. 1. mgr., skal lokið 1. janúar 2022.

2. gr.

Eftir sameiningu, sbr. 1. gr., skal ef þörf er á kjósa nýjar heilbrigðisnefndir á Vesturlandssvæði og á Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði sem skulu starfa fram yfir næstu sveitarstjórnakosningar, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998. Kjósa skal nýja heilbrigðisnefnd eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á hvoru svæði. Í hvorri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett er með stoð í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við sveitarfélög á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Reglugerðin tekur þegar gildi.